

65.fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis

Haldinn í Glerárskóla 5.maí 2013.

Mættir: Berglind Rafnsdóttir, Óskar Ingi Sigurðsson, Helgi Stefánsson, Guðmundur Geirsson, Brynja Sigurðardóttir og Sigrún Elva Briem.

Fundarefni:

Stjórnin hittist eftir aðalfund og kveður Brynju sem hefur verið ritari hverfisnefndar sl. 4 ár. Sigrún Elva Briem tekur að sér störf ritara og mun Berglind Rafnsdóttir halda áfram sem formaður hverfisnefndar. Áfram mun haldið með stjórnarfundi fyrsta þriðjudag í mánuði kl. 18:00 og mun fundarstaður vera í Glerárskóla.

1) Aðalfundur og mæting

Stjórnarmenn ræða saman slaka mætingu á aðalfund hverfisnefndar og velta fyrir sig hvernig er hægt að laða að hverfisbúa á slíkan fund.

2) Starfsreglur vegna umhverfisátaks Akureyrarbæjar fyrir hverfisnefndir

Stjórnarmenn ræða hvort starfsreglur séu komnar fyrir hverfisnefndir vegna 2 m.kr fjárveitingu til umhverfisátaks Akureyrarbæjar. Stjórnin veltir fyrir sér hvort lokafrestur sé á notkun fjárens og/eða hvort fyrning verði milli ára.

Stjórnin óskar einnig eftir pappírur frá framkvæmdamiðstöðinni vegna úttektar á framlagi til uppbyggingar útisvæðis Glerárskóla. Mun Jón Birgir forstöðumaður umhverfismála hafa þar hönd í bagga.

3) Skilti á gömul hús í hverfinu.

Stjórnin hefur ekki gleymt gömlu húsunum og skiltunum sem rætt hefur verið um að setja á þau. Óskar mun fara í fjárhagshliðina á málinu og Berglind mun tala við Hörð.

Margt rætt en ekki fleira fært til bókunar.

Næsti fundur verður í haust, um skólabyrjun. Mun formaður senda út fundartíma með pósti.
Berglind Rafnsdóttir